


Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Viðreisnar og svör við henni

1. Varðandi Ábendingargátt Hafnarfjarðar

Ég óska eftir upplýsingum eða tölfraði varðandi fjölda ábendinga frá íbúum, tímalengd svörunar og fjölda úrlausna varðandi skilvirkni.

- Staða 22. nóvember sl
 - Fjöldi ábendinga frá 7. feb sl eru 1648
 - 1606 leystar, 18 í vinnslu og 24 mótteknar
 - 60% ábendinga er svarað innan 2 daga og 75% inna vikur (helgar skekkja þetta aðeins)
 - Síðustu 3 mánuði er meðalsvartími um 5-6 dagar
 - Umhverfis og skipulagssvið er með um 95% ábendinga, önnur svið með 4% og 1% sent til utanaðkomandi aðila



2. Lýsing á göngustígum Hafnarfjarðar

Ábendingar hafa borist frá íbúum um skort á lýsingu á ýmsum göngustígum í bænum og óskar fulltrúi Viðreisnar eftir upplýsingum hvaða göngustígar eru upplýstir og hvar megi bæta lýsingu.

Hjá lagt er minnisblað sem sýnir stíga sem eru óupplýstir.

3. Framkvæmdir við hringtorg við Engjavelli

Óskað er upplýsingum varðandi framkvæmdir við Engjavelli, nánar tiltekið hringtorgið þar sem tré sem hafa verið fjarlægð.

Fráveitan er með í undirbúningi lagfæringar á ræsi sem liggur þarna um. Gróðurinn og hringtorgið er inna framkvæmda svæðisins.

4. Lausagöngusvæði fyrir hundeigendur

Hundeigendur í Hafnarfirði kalla eftir merktu svæði í útjaðri Hafnarfjarðar, líkt og nágrannasveitarfélög hafa verið að bjóða uppá, þar sem hægt er að þjálfa og hreyfa hunda. Mikilvægt er að slík svæði séu merkt fyrir aðra vegfarendur til upplýsinga um að lausir hundar séu þar á ferð.

Aðeins tvö eiginleg hundasvæði eru samþykkt í Hafnarfirði – lokað svæði við kirkjugarðinn og lausagöngusvæði við Hvaleyrarvatnsveg. Ef á að skoða önnur svæði er lagt til að því verði vísað til skipulags og byggingarráðs.